



Reykjavík 31. maí 2022

Samkomulag um að ljúka máli með sátt

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál Stapa lífeyrissjóðs (hér eftir málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu (hér eftir luf.) með því að tilkynna ekki um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Festi hf. (Festi) innan lögbundins tímafrests.

Með tölvubréfi dags. 27. september 2021 lýsti málsaðili vilja til að ljúka málinu með sátt við fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið telur málið upplýst og forsendur til að ljúka málinu með samkomulagi um sátt við málsaðila.

I. Málsmeðferð

Með tölvubréfi dags. 27. september 2021 vísaði málsaðili til tilkynningar sinnar til Festar og fjármálaeftirlitsins, sem send var sama dag, um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar málsaðila í Festi. Fram kom að viðskiptin hafi verið tilkynnt of seint, sbr. 1. mgr. 21. gr. luf., og ef fjármálaeftirlitið teldi tilefni til að beita málsaðila stjórnvaldssekt vegna málsins, óskaði málsaðili eftir að ljúka málinu með sátt. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum frá málsaðila með tölvubréfi dags. 29. september s.á., sem voru sendar með bréfi málsaðila 13. október s.á. Í bréfinu fjallaði málsaðili um ástæður þess að umrædd tilkynning hans var ekki send innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 21. gr. luf. og lýsti enn fremur þeim ráðstöfunum sem hann hefði gripið til til að koma í veg fyrir að háttsemin endurtæki sig.

II. Málsatvik og lagagrundvöllur

Við upphaf dags 27. ágúst 2021 átti málsaðili 16.542.439 kr. að nafnvirði eða sem nam 5,11% eignarhlut í Festi. Þann dag seldi málsaðili hluti í Festi að nafnvirði 500.000 kr. Við framkvæmd viðskiptanna fór eignarhlutur málsaðila niður í 16.042.439 kr. að nafnvirði, eða sem nam 4,96% eignarhlut. Það fórst fyrir hjá málsaðila að senda Festi og fjármálaeftirlitinu tilkynningu innan þeirra tímamarka sem áskilin eru skv. 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. luf. Málsaðili uppgötvaði mistökin hinn 27. september 2021 og sendi Festi og fjármálaeftirlitinu sama dag tilkynningu þess efnis. Festi birti flöggunartilkynninguna opinberlega 28. september 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. luf. skal eigandi, sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%. Tilkynninguna skal senda án tafar og eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir að flöggunarskyldan stofnaðist, sbr. 1. mgr. 21. gr. luf.

Að mati fjármálaeftirlitsins hefur málsaðili brotið gegn 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. luf. með því að láta fyrirfarast að tilkynna breytingar á eignarhaldi til Festar og fjármálaeftirlitsins innan þeirra tímamarka sem koma fram í 1. mgr. 21. gr. luf.

III. Niðurstaða

Fyrir liggur að málsaðili átti viðskipti 27. ágúst 2021 með hlutabréf í Festi. Við viðskiptin fór eignarhlutur málsaðila undir 5% í félaginu og varð flöggunarskyldur í samræmi við 1. mgr. 12. gr. luf. Málsaðili hafði frest til 2. september 2021 til að tilkynna breytingar á eignarhaldi til Festar og fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 21. gr. luf. Tilkynningar voru hins vegar ekki sendar fyrr en 27. september 2021 eða 25 dögum eftir að fyrrgreindum tímafresti lauk. Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með framangreindri háttsemi gerst brotlegur við 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. luf.

Málsaðili hefur óskað eftir að ljúka málinu með sátt.

Brot á 1. mgr. 21. gr. luf. getur varðar stjórnvaldssekt, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 43. gr. luf. Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. luf. skal við ákvörðun stjórnvaldssekta tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið lengi, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings eða taps sem forðað var með broti, taps þriðja aðila af brotinu að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 1,65 milljarða króna, en geta þó verið allt að 5% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 5% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu, sbr. 2. másl. 3. mgr. 43. gr. luf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögnum með sátt með samþykki málsaðila, sbr. 45. gr. luf. Miðað er við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eiganda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða

yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans.

Þá tók sektarfjárhæðin enn fremur mið af því hversu langur tími leið frá því að tímafresti til að senda umræddar tilkynningar lauk og þangað til málsaðili sendi flöggunartilkynningarnar. Til lækkunar á sektarfjárhæð horfir að málsaðili átti frumkvæði að því að tilkynna um brotið til fjármálaeftirlitsins og hefur þegar gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir að sambærilegt brot geti átt sér stað. Á hinn bóginn horfir til hækkunar sektarfjárhæðar að um er að ræða ítrekað brot málsaðila á flöggunarreglum, en með sátt sem fjármálaeftirlitið gerði við málsaðila 9. maí 2018 viðurkenndi málsaðili að hafa brotið gegn 1. mgr. 86. gr. þágildandi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í útgefanda innan lögbundin tímafrests.

Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brots, sjónarmiðum málsaðila, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt og til greiðslu sektar að fjárhæð 1.500.000 krónur til ríkissjóðs.